



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Reykjavík
Grundartangi
Akranes
Borgarnes

Faxaflóahafnir sf.

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN VEGNA BRÁÐAMENGUNAR

Reykjavík, Grundartangi, Akranes og Borgarnes



Útgáfa: 2023-01

EFNISYFIRLIT

1.	Formáli	2
2.	Breytingar.....	3
3.	Tilkynningar.....	4
4.	Áhættumat	5
5.	Viðbragðsáætlun	8
	Tilkynning berst um mengun innan hafnarsvæðis.....	8
	Mat á eðli tilkynningar	8
	Aðgerðir	8
6.	Viðbragðsbúnaður	9
	Búnaður - lágmarkskröfur samkvæmt reglugerð	9
	BÚNAÐUR TIL STAÐAR HJÁ FAXAFLÓAHÖFNUM	9
	BÚNAÐUR TIL STAÐAR Á HAFNARSVÆÐUM	10
	ÆGISGARÐUR	12
	EYJARGARÐUR.....	13
	BÚNAÐUR GEYMDUR HJÁ SHS	13
7.	Þjálfun og æfingar	19
8.	Skýrslur um mengunaratvik á liðnu ári.....	21
9.	Kostnaðar og gjaldtaka.....	21
10.	Hafnarsvæði skýringarmyndir.	22
	EYJARGARÐUR.....	22
	VESTURHÖFN.....	22
	AUSTURHÖFN	23
	SUNDAHÖFN KLETTASVÆÐI.....	24
	SUNDAHÖFN VATNAGARÐAR	24
	SUNDAHÖFN KLEPPSVÍK	25
	GRUNDARTANGAHÖFN	26
	AKRANESHÖFN	27
	BORGARNESHÖFN.....	28

1. FORMÁLI

Þessi viðbragðsáætlun er unnin í samræmi við reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda nr. 1010/2012.

Hafnarstjóri Faxaflóahafna sf. hefur látið útbúa meðfylgjandi viðbragðsáætlun sem uppfyllir kröfur reglugerðarinnar.

Áætlunin gefur yfirlit yfir aðstæður á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf. Viðbrögð og aðgerðir sem áætlunin tilgreinir taka mið af þessum aðstæðum.

Markmiðið er að fljótt sé brugðist við ef bráðamengun verður innan hafnarsvæðanna og að viðbrögð hæfi tilefninu.

Áætlunin gefur skýra mynd af þeim viðbrögðum sem Faxaflóahafnir sf. áætla og er hugsuð sem verkfæri starfsfólks og annarra sem að koma, til að auðvelda skilvirk og árangursrík viðbrögð.

Faxaflóahafnir leggja mikla áherslu á að gengið sé vel um höfn og hafnarsvæði félagsins. Það stuðlar að auknu öryggi starfsfólks og annarra sem um hafnarsvæðin fara og þar starfa. Íbúar og fyrirtæki á og í nágrenni hafnarsvæða, sem og aðrir íbúar, eiga að auki að geta gengið út frá góðri umgengni og verið stoltir af hafnarsvæðunum.

Meðferð úrgangs frá skipum lýtur sérstökum reglum. Fyrirtæki við höfnina skulu halda lóðum og nágrenni sínu snyrtilegu og nota móttökustöðvar sem íbúum standa til boða af hálfu sveitarfélaganna, sem og þjónustu fyrirtækja á þessu sviði, eftir atvikum.

Áætlun þessi er uppfærð og er skilað til Umhverfisstofnunar fyrir 1. mars ár hvert. Við uppfærslu er áætlunin yfirfarin og tekin er saman skýrsla um mengunarvarnaæfingar, mengunarvarnabúnað og mengunaratvik á liðnu ári. Afrit er sent til mengunarvarnaráðs hafna.

Viðbragðsáætlunin er aðgengileg á heimasíðu hafnarinnar. Starfsfólki er kynnt áætlunin og hvar meggi nálgast hana. Áætlunin er hluti af neyðarviðbragði hafnarinnar.

Reykjavík 5. mars 2023



Bergsteinn Ísleifsson, öryggisstjóri.

2. BREYTINGAR

Í töflu hér að neðan eru færðar inn upplýsingar um breytingar eða viðbætur sem verða á þessari viðbragðsáætlun.

Dags.	Kafli	Breytingar frá síðustu útgáfu:	Ábyrgð
Feb.2018		Uppfærð mynd 4. , uppfærður búnaðarlisti hjá SHS. Uppfærður búnaður í bílum	BRI
28. feb 2018		Útgáfa á uppfærðri viðbragðsáætlun feb-2018.	BRI
Feb 2019		Forsíðu breytt, uppfærður búnaðarlisti, útgefin áætlun Feb-2019-01.	BRI
Febrúar 2021	Heildar yfirferð	Þetta er heildaruppfærsla. Bætt við staðsetningu mengunarvarnabúnaðar á hafnarsvæðum. Myndir uppfærðar. Uppfærsla á búnaði, Æfingaáætlun uppfærð	BRI
Febrúar 2023	Árleg yfirferð	Uppfærsla. Bætt inn skráningu á nýjum búnaði. Almenn yfirferð á texta.	BRI

3. TILKYNNINGAR

Reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda nr. 1010/2012 gildir um óhöpp og atvik á sjó og landi sem leiða til hvers konar bráðamengunar hafs og stranda, viðbúnað og viðbrögð við þeim hér á landi, í lofthelgi og í mengunarlögsögu Íslands.

Tilkynningaskylda hvílir á þeim sem veldur mengun innan hafnarsvæðis eða verður var við hana, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.

Einnig ber að tilkynna óhöpp á skipum og bátum þar sem mengandi efni hafa lekið úr umbúðum og geta valdið mengunaróhöppum. Þetta gildir bæði fyrir mengunaróhöpp sem verða við starfsemi Faxaflóahafna og þeirra sem leigja svæði af Faxaflóahöfnum.

- Hver sá sem er valdur að eða verður var við bráðamengun **innan hafnarsvæðis** skal tafarlaust tilkynna um bráðamengunina til viðkomandi hafnarstjóra (hafnar).
Við slíka tilkynningu hefur starfsmaður samband við umhverfis og öryggisstjóra Faxaflóahafna sem metur hvort leitað verði liðsinnis Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) við hreinsun eða hver séu önnur viðbrögð við óhappinu.
- Enn fremur er þeim sem verður var við bráðamengun heimilt að tilkynna um slík óhöpp beint til SHS með því að hringja í 1-1-2. Í gildi er samningur Faxaflóahafna og SHS (sjá síðar) um aðstoð vegna mengunaróhappa í höfnum Faxaflóahafna sf.
SHS gerir Faxaflóahöfnum sf. þá viðvart um tilkynninguna, vakthafandi bakvaktarmaður hefur samband við öryggisfulltrúa Faxaflóahafna, sem metur þörfina á aðgerðum.
- Hver sá sem er valdur að eða verður var við bráðamengun **á sjó utan hafnarsvæða** skal tafarlaust tilkynna um bráðamengunina til Vaktstöðvar siglinga.
- Um mengunaróhöpp á landi gilda lög um brunavarnir: Hver sá sem er valdur að eða verður var við mengunaróhöpp eða atvik **á landi** skal tilkynna það tafarlaust til viðkomandi slökkviliðs í samræmi við lög um brunavarnir (sími 1-1-2).
- Sé talið að **mönnum geti stafað hættu af menguninni** ber að tilkynna landlækni það tafarlaust.
- Ef mengun getur valdið **hættu fyrir íbúa eða eignir** skulu aðgerðir framkvæmdar í samráði við viðkomandi lögreglustjóra.
- Ef umfang eða eðli mengunar er slíkt að ætla megi að **almenningi stafi hættu af** skal nota neyðarskipulag almannavarna.

Hjá Faxaflóahöfnum sf. hefur verið sett það viðmið, að ef magn mengandi efna er yfir 50 lítra sé það tilkynnt til viðkomandi heilbrigðiseftirlits og Umhverfisstofnunar.

4. ÁHÆTTUMAT

Í kafla 10 við þessa áætlun er að finna Yfirlitsmyndir af hafnarsvæðum sem heyra undir Faxaflóahafnir sf. Hafnir og hafnarsvæði eru nánar tiltekið þessi:

I. Reykjavík - Gamla Höfnin

- Eyjargarður
- Vesturhöfn; Norðurgarður, Síldarbryggja, Norðurbugt, Grandabryggja, Grandabakki, Bótarbryggja, Verðbúðarbryggjur, Vesturbugt
- Austurhöfn; Ægisgarður, Suðurbugt, Grófarbakki, Miðbakki, Austurbakki, Faxagarður, Austurbugt, Ingólfsgarður

II. Reykjavík - Sundahöfn

- Klettasvæði; Skarfabakki
- Vatnagarðar;
 - Korngarður,
 - Vatnagarðabakki,
 - Kleppsbakki
 - Sundabakki,
- Kleppsvík;
 - Vogabakki,
 - Vogabakki suður

III. Grundartangi

- Austurkantur
- Tangabakki

IV. Akranes

- Aðalhafnargarður, Batabryggja, Faxabryggja, Ferjubryggja
- Viðgerðarbryggja Lambhúsasundi

V. Borgarnes

- Borgarnesbryggja

Eftirfarandi hafnarsvæði og -mannvirki eru ekki hluti af viðbragðsáætlun Faxaflóahafna sf.:

- *Viðey:* Hafnarmannvirki (bryggja og bryggjusvæði) eru í eigu Faxaflóahafna sf., en reksturinn tilheyrir starfsemi Viðeyjarstofu í eigu Reykjavíkurborgar, sem jafnframt hefur umsjón með úrgangsmálum og öryggismálum á staðnum.
- *Snarfarahöfn við Naustavog, Reykjavík:* Bryggjur og tilheyrandi aðstaða er í umsjón einkaaðila, Snarfara, félags sportbátæigenda, sem á mannvirkin, rekur aðstöðuna og ber ábyrgð á henni, sbr. [hafnarreglur félagsins](#).
- *Bryggjuhverfi, Reykjavík:* Bryggjur í íbúðahverfi, í eigu húseigenda/íbúasamtaka, sem bera ábyrgð á rekstri þeirra.
- *Ártúnshöfði:* Hafnarmannvirki eru ekki í eigu eða á ábyrgð Faxaflóahafna.
- *Gufunes:* Hafnarmannvirki eru ekki í eigu eða á ábyrgð Faxaflóahafna.

Inn á Yfirlitsmyndir af hafnarsvæðum eru færðar upplýsingar um staðsetningu mannvirkja og búnaðar sem mengunarhætta getur stafað af og merkt inn svæði sem teljast viðkvæm. Staðsetning mengunarvarnabúnaðar er einnig sýnd. Nánar tiltekið er um að ræða eftirfarandi:

- a. olú- og lýsisgeymar og lagnir frá þeim
- b. bryggjudælur fyrir smábáta
- c. tengikassi fyrir olúafgreiðslu til stærri skipa
- d. úrgangsolúugeymar
- e. staðbundnir olúugeymar (einnig smærri færanlegir geymar)
- f. viðkvæmir staðir eða staðir sem mikilvægt er að verja fyrir olúmengun
- g. mengunarvarnabúnaður
- h. staðbundin tæki eða búnaður sem hætta stafar af (kranar eða annar glussadrifinn búnaður/tæki)

Tafla fyrir gróft áhættumat fyrir hafnarsvæðin:

Svæði	Líkur á óhappi*	Afleiðingar óhapps	Þörf á mannskap ef óhapp
I. Reykjavík - Gamla höfnin		Miklar	Já/fjöldi eftir atvikum
II. Reykjavík - Sundahöfn		Miklar	Já/fjöldi eftir atvikum
III. Grundartangi		Miklar	Já/fjöldi eftir atvikum
IV. Akranes		Litlar	Já/fjöldi eftir atvikum
V. Borgarnes		Litlar	Já/fjöldi eftir atvikum

* Stuðst er við eftirfarandi grófa flokkun á líkum á áhættu:

- Talsverðar líkur gætu verið á óhappi (mest) = 
- Nokkrar líkur eru á óhappi (miðlungs) = 
- Litlar líkur eru á óhappi (minnst) = 

5. VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

TILKYNNING BERST UM MENGUN INNAN HAFNARSVÆÐIS

- **Hjá Faxaflóahöfnum sf. er vakt allan sólarhringinn.**
 - Hringja í síma 660 8930, 525 8900.
 - Einnig má tilkynna mengunaróhöpp/mengun beint til SHS með því að hringja í Neyðarlínuna, sími 1-1-2.

Hafnsöguvakt tekur við tilkynningum . (hafnsöguvakt, yfirhafnsögumaður, umhverfis og öryggisstjóri)

Mat á eðli tilkynningar

- **Yfirvofandi hættu**
- **Minniháttar atvik**
- **Meiriháttar atvik**
- Senda starfsmann hafnarinnar á staðinn til að meta vettvang og hefja fyrstu aðgerðir.
- Tilkynna til umhverfis- öryggisstjóra hafnarinnar eða staðgengils, sem virkjar viðbragðsáætlun hafnarinnar um bráðamengun í samræmi við upplýsingagjöf.

Aðgerðir

- Minniháttar atvik
 - Starfsmenn hafnarinnar standa fyrir aðgerðum
 - Tjónvaldur hreinsar
 - Aðili á vegum tjónvalds
 - Starfsmenn hafnarinnar sjá um hreinsun
- Meiriháttar atvik
 - Hringt í 112 og slökkvilið kallað til
 - Faxaflóahafnir eru með samning við slökkvilið höfuðborgarsvæðis (SHS) um hreinsunaraðgerðir.
 - Gámar er innihalda mengunarvarnagirðingar og ýmsan annan búnað eru í vörslu SHS
- Einnig er sendur starfsmaður á staðinn til að stjórna aðgerðum með slökkviliði.
 - Starfsmaður er tengiliður við slökkvilið og yfirgefur ekki vettvang nema að höfðu samráði við slökkvilið.

Faxaflóahafnir sf. eru með samning við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. um að „annast aðgerðir vegna mengunar innan hafnarsvæða Faxaflóahafna.

SHS leggur til mannskap og er skv. samningnum falin framkvæmd aðgerða, undir stjórn Faxaflóahafna, á vettvangi við mengunaróhöpp á hafnarsvæðum í samræmi við reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda.

6. VIÐBRAGÐSBÚNAÐUR

Búnaður - lágmarkskröfur samkvæmt reglugerð

Hafnir skiptast í þrjá flokka skv. 5. gr. reglugerðar um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda nr. 1010/2012.

Viðbrögð og mengunarvarnabúnaður vegna bráðamengunar fyrir hverja höfn fer eftir flokkun hafnar.

Flokkur	Höfn/svæði, eins og það er tilgreint í reglugerð*	Lýsing á flokki skv. reglugerð
I	Reykjavík-olíuhöfn (Eyjargarður) Reykjavík-gamla höfnin (Vesturhöfn og Austurhöfn)* Reykjavík-Sundahöfn Grundartangi Akranes-aðalhöfn	Stórar olíuhafnir, iðnaðarhafnir og stærri flutningahafnir. Þangað koma olíuskip sem geta borið meira en 3.000 tonn af olíu og/eða skip stærri en 5.000 brúttótonn. Við höfnina er olíubirgðastöð og/eða margvísleg mengandi starfsemi.
II	Á ekki við	
III	Akranes Lambhúsasund Borgarneshöfn	Smábáta- og skemmtibáta hafnir þar sem bátar styttri en 25 m leggjast yfirleitt að bryggju.

* Ath.: Faxaflóahafnir sf. hafa óskað eftir breytingu á flokkun skv. reglugerðinni, í ljósi stærðar skipa sem í hafnirnar koma, þannig að Reykjavík-gamla höfnin (Vesturhöfn og Austurhöfn) fari úr flokki II í flokk I. Gengið er út frá þeirri flokkun hér.

BÚNAÐUR TIL STAÐAR HJÁ FAXAFLÓAHÖFNUM

Sá búnaður sem er aðgengilegur til viðbragðs er flokkaður í þrjá flokka

- Viðbragðsbúnaður við móttökustaði eða á hafnarsvæðum
- Viðbótarbúnaður aðgengilegur fyrir starfsmenn Faxaflóahafna
 - Viðbótar áfyllingar og birgðir einnig til staðar til viðhalds á búnaði
- Stærri viðbragðsbúnaður
 - Gámar sem eru geymdir hjá SHS
 - Auk þess er í Olíustöðinni í Örfirisey (Eyjargarður) mengunarvarnabúnaður Umhverfisstofnunar geymdur og er hann merktur inná mynd

Aðgengilegur mengunarvarnabúnaður á hafnarsvæðum hefur verið teiknaður inn á loftmyndir af svæðunum, sem eru í kafla 10.

BÚNAÐUR TIL STAÐAR Á HAFNARSVÆÐUM

Búnaður við móttökustaði

Búnaður til fyrsta viðbragðs er geymdur við móttökustaði fyrir olíu. Til viðbótar eru búnaður geymdur nálægt bryggjum svo viðbragðstími sé sem stystur.

Ávallt er merkt við móttökustaði þar sem viðbragðsbúnaður er geymdur.

Uppsogssett í töskum		
Atriði - innihald	Fjöldi	Ein.
ísogssett 20 ltr. mottur, ísogspylsur og ísogskodda. 	2	stk
ísogssett 50 ltr. 	3	stk
  		

Búnaður í nágrenni við hafnaraðstöður

Búnaður til fyrsta viðbragðs sem starfsmenn hafnarinnar hafa aðgang að er geymdur á fjölda staða.

Merki er á geymslustöðum þar sem viðbragðsbúnaður er geymdur.

Staðsetning búnaðar kemur fram á yfirlitsmyndum.

Viðbragðsbúnaður er geymdur í færanlegum plast-tunnum á hjólum. Þær innihalda búnað og efni til að höndla leka allt að 120 ltr.

Viðbragðsbúnaður í færanlegum plast-tunnum með hjólum 8 tunnur eru svona frágengnar		
Atriði innihald Ísogssett fyrir 100ltr af olíu	Fjöldi	Ein.
Tunna 120 ltr.	1	stk
Plastpoki hvítur	2	stk
Gúmmímotta til að loka niðurfalli	2	stk
Uppsogsmottur	12	stk
Uppsogspylsur	12	stk
Gúmmíhanskar	2	par
Öryggisgleraugu	2	stk
Fata með efniskurli til að soga upp olíu af grófu yfirborði	5	ltr.
T-20 sápa til dreifingar/hreinsunar – brúsi ásamt öryggisblaði fyrir T20	5	ltr.





ÆGISGARÐUR

Eftirfarandi búnaður er geymdur í lokuðu rými á Ægisgarði.

Í aðstöðu á Ægisgarði er geymdur búnaður á kerru sem draga má auðveldlega á vettvang með þjónustubifreiðum hafnarinnar.

Búnaður í viðbragðskerru		
Atriði	Fjöldi	Einingar
Kerra	1	stk
Ísogspylsur (hvítar 8" 15x10m+8x3m)	175	metrar
Dreifiefni T-20 sápa 8x5l	40	Lítrar
Hand úðarar	1	stk
Slanga með dreifistút til að sprauta dreifiefni.	1	50mtr
Dæla bensínknúin með hraðtengjum fyrir slöngu	1	Heild

Í aðstöðu á Ægisgarði er geymdur búnaður til áfyllingar á fyrsta-viðbragðsbúnað ásamt auknum búnaði ef á þarf að halda.

Viðbótarbúnaður í geymslu Ægisgarði. Lager af efnum.		
Atriði	Fjöldi	Einingar
Kerra	1	stk
Ísogspylsur (hvítar 8" 15x10m+8x3m)	175	metrar
Dreifiefni T-20 sápa 10x20l +5x5l	225	Lítrar
Breytilegur lager af uppsogsmottum og smærri pylsum		heild
Felliefni, NoSlick	280	lítrar
Korn til uppsogs af grófu yfirborði 4x20kg	80	kg
Tankur til blöndunar á dreifiefnum	1	1000 ltr.

EYJARGARÐUR

Á Eyjargarði eru 2 kefli með flotgirðingum (færanlegur búnaður) 2x100mtr.
Þessi búnaður er staðbundinn og er hugsaður til fyrsta viðbragðs við olíuafgreiðslubryggju.


BÚNAÐUR GEYMDUR HJÁ SHS

Eftirfarandi búnaður er geymdur hjá SHS.

Slökkviliðið sér um að koma búnaðinum á vettvang skv. samningi við Faxaflóahafnir sf.

Búnaðurinn er reglulega yfirfarinn.

Búnaðurinn er til reiðu til notkunar á öllum hafnarsvæðunum.



Búnaður í tækjagám lyklabox á gámi nr. 2040		
Lýsing.	Fjöldi	Einingar
Rafstöðvar	2	stk
Háprýstitæki	1	stk
Ljóskastarar	3	stk
Olíuupptökutæki, weir skimmer	1	stk
Færanlegur geymir	1	stk
Dreifiefni, Tandur T-20 sápa	200	lítrar
Loftpressa	1	stk
Hand úðarar	3	stk
Hand úðarar breiðir	2	stk
Ísskóflur	10	stk
Garðhrífur	5	stk
Fötur	10	stk
Jakkar	10	stk
Buxur	10	stk
Vettlingar	10	pör

Búnaður í tækjagám lyklabox á gámi nr. 2040		
Lýsing.	Fjöldi	Einingar
Stígvél	10	pör
Öryggishjálmar	10	stk
Andlitshlífar	3	stk
Skemmdarvörn	1	stk
Vöðlur	2	pör
Sjúkrakassi	1	stk
Verkfæraskápur	1	stk
Rafmagnssnúra (kefli)	1	stk
Bensínsbrúsar	2	stk
Bensín	40	Lítrar
Ofn til að hita gám	1	Heild
Vinnuflotgallar M	2	stk
Vinnuflotgallar XL	2	stk
Vinnuflotgallar L	2	stk
Vinnuflotgallar Small	1	stk
Slökkvitæki 8kg Kolsýra	1	stk

Vikoma Hi-Sprint uppblásin flotgirðing 10' Gámur með 1,2m hárri Neophrane flotgirðingu		
Lýsing.	Fjöldi	Einingar
Flotgirðing (1 stk) Vikoma	300	m
Loftdæla fyrir girðingu	1	stk
Akkeri	2	stk
Tóg til að festa baujur og akkeri	1	Heild
Baujur til að merkja akkeri	2	Stk
Vélbúnaður til að knýja tromlu	1	heild



Gámur með eldri flotgirðingu		
Lýsing.	Fjöldi	Einingar
Flotgirðing (1 stk)	300	m
Akkeri	8	stk
Dufl með ljósi	8	stk



Mynd af mengunarvarnagám með einnota flotgirðingu ásamt fylgjandi búnaði.

Gámur með ísogsgirðingum, lyklabox á gámi nr. 2040		
Lýsing.	Fjöldi	Einingar
Gámaeiningin inniheldur 500 metra af ísogsgirðingu með pilsí. 25m og 12 m einingar Tegund: Expanssys	1	25/12m
Akkeri til að stjórna legu girðinga	25	stk
Tóg fyrir akkeri og baujur	600	Mtr
Hnífar	2	stk
Baujur til að festa/merkja akkeri	6	stk



Ísogsgirðingar með pilsí



Eftirfarandi dælubúnaður er í eigu Faxaflóahafna sf. og er einnig geymdur hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins:

Vélbúnaður Dæla til vatnsöflunar		
Atriði	Fjöldi	Einingar
Kerra fyrir brunadælu	1	stk
Brunadæla (Hale Europe GD 2600) Með froðublandara	1	stk
Sogbarkar 2,5mtr	4	stk
Slöngur þrýstihlið 20mtr einingar	9	stk




7. ÞJÁLFUN OG ÆFINGAR

Þjálfun er skipt í nokkra flokka.

- Fræðsla/þjálfun til starfsmanna um mengunarvarnir og viðbragðsáætlun
- Æfingar þar sem búnaður er yfirfarinn og gangsettur eftir atvikum
- Æfing þar sem búnaður er yfirfarinn með SHS
- Æfingar þar sem búnaður er sjósettur
- Þátttaka í stærri æfingum með UST og LHG

Fyrsti viðbragðsbúnaður.

Æfingar í notkun búnaðar sem Faxaflóahafnir sf. geyma á sínum hafnarsvæðum. Farið yfir með starfsmönnum sem eru viðbragðsaðilar.

Samstarf með SHS

Samkvæmt gildandi samningi Faxaflóahafna sf. og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. sér SHS um þjálfun slökkviliðsmanna til að takast á við stærri mengunaróhöpp. Æfingar eru á ábyrgð SHS sem jafnframt ábyrgist að ávallt sé þjálfaður mannskapur til staðar til að stjórna búnaðinum ef óhapp verður.

Við yfirferð SHS á búnaði er jafnframt farið yfir verklag við notkun á búnaðinum til að bregðast við mengunaróhöppum í höfnum, hvernig leggja eigi út mengunarvarnagirðingu, notkun á dreifiefni og fleira.

Reglulega fara vaktir SHS í vettvangsferðir á hafnarsvæði og kynna sér aðstæður og eru þá í góðu sambandi við hafnarþjónustu. Einnig hefur verið farið yfir mengunarmál í höfnum á endurmenntunarnámskeiðum SHS.

Yfirferð á búnaði

Árlega er búnaður yfirfarinn og gangsettur eftir atvikum. Þetta á bæði við búnað geymdan hjá SHS og búnað hjá Faxaflóahöfnum

Stærri æfingar

Stærri æfingar þar sem búnaður er prófaður með því að setja hann í sjó eru haldnar en ekki á hverju ári.

Samhæfingaræfingar

Virk þátttaka er í stærri æfingum með UST og LHG sem eru á forræði UST.

Raunatvik

Mengunaróhöpp og aðgerðir hafa markvisst verið nýtt til að læra af.

Öll skráning atvika fer í gegnum ábendingarkerfi á heimasíðu Faxaflóahafna.

<https://www.faxaflaoahafnir.is/>

Skýrslur um mengunarvarnaæfingar

Æfingar eru skjalaðar og yfirliti skilað til UST ár hvert.

Æfingaáætlun

Ársáætlun (þjálfun starfsfólks, skoðun búnaðar og skil gagna/skýrslu)						
Atriði	Jan-Feb	Mar-Apr	Maí-Jún	Júl-Ágú	Sep-Okt	Nóv-Des
Búnaður skoðaður og endurnýjunarþörf metin				X (fyrir 1. Sept.)		
Skýrsla um mengunarvarnaræfingar send, einnig skýrsla um notkun búnaðarins og mat á ástandi hans og endurnýjunarþörf.	X (fyrir 1. mars)					
Viðbragðsáætlun endurskoðuð og send til mengunarvarna-ráðs hafna	X (fyrir 1. mars)					
Skrifborðsæfing starfsmanna			X			
Æfing með mengunarvarnarbúnað hafnarinnar				X		
Áhættumat endurskoðað	X					
Útkallslisti endurskoðaður	X					

8. SKÝRSLUR UM MENGUNARATVIK Á LIÐNU ÁRI

Yfirlit yfir mengunaróhöpp og -atvik á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf. eru hluti af grænu bókhaldi fyrirtækisins og eru birt í ársskýrslum þess. Yfirlit yfir tilkynnt óhöpp liðinna ára er að finna í ársskýrslum Faxaflóahafna sem aðgengilegar eru á vef hafnarinnar

<https://www.faxaflaoahafnir.is/arsskyrslur/>

Ársskýrslur Faxaflóahafna sf., með yfirliti yfir mengunaróhöpp og -atvik, eru sendar Umhverfisstofnun árlega.

9. KOSTNAÐAR OG GJALDTAKA

Meginreglan við uppgjör kostnaðar vegna mengunaróhapps er sú, að mengunarvaldur greiðir fyrir aðgerðir. Það kemur þá í hlut Faxaflóahafna sf. að krefja mengunarvald um greiðslu í samræmi við gildandi lög vegna kostnaðar sem af mengunaróhappi hlýst.

Gjald fyrir ráðstafanir sem gripið er til við mengunaróhöpp er innheimt skv. 20 gr. gjaldskrár Faxaflóahafna sf. og felst einkum í að innheimt(ur) er:

- einingaverð fyrir útseldar vinnustundir
 - starfsmanna Faxaflóahafna sf. sem að aðgerð koma
 - umsjónarmanna mengunarvarnabúnaðar og tilheyrandi búnaðar, þ.e. starfsmanna SHS sem að aðgerð koma
- gjald fyrir notkun mengunarvarnabúnaðar
- gjald fyrir notkun annarra tækja og búnaðar Faxaflóahafna sf., svo sem dráttarbáts
- kostnaður sem á hafnirnar fellur vegna sérstakra aðgerða sem nauðsynlegt reynist að grípa til, s.s. leigu á viðbótarbúnaði, aðkeyptrar vinnu verktaka, o.fl.
- kostnaður vegna skemmda sem kunna að verða á eignum, aðstöðu eða búnaði hafnar eða annarra sem að aðgerðum koma

Um þetta verður fjallað í gjaldskrá Faxaflóahafna sf.

Lögveðsréttur í viðkomandi skipi eða fasteign fylgir innheimtu gjalds skv. þessum ákvæðum.

10. HAFNARSVÆÐI SKÝRINGARMYNDIR.


Eftirfarandi myndir veita yfirlit yfir hafnir Faxaflóahafna sf. og tilheyrandi hafnarsvæði. Inná þær er merkt staðsetning mannvirkja og búnaðar sem mengunarhætta getur stafað af, auk þess sem viðkvæm svæði og staðsetning mengunarvarnabúnaðar hafnanna er sýnd.

EYJARGARÐUR




Mynd 1: Reykjavík - Gamla höfnin: Eyjargarður. Mengunarvarnabúnaður Umhverfisstofnunar er geymdur í birgðastöð olíufélaganna í Örfirisey.

VESTURHÖFN



Mynd 2: Reykjavík - Gamla höfnin: Vesturhöfn; Norðurgarður, Síldarbryggja, Norðurbugt, Grandabryggja, Grandabakki, Bótarbryggja, Verðbúðarbryggjur, Vesturbugt.

AUSTURHÖFN




Mynd 3: Reykjavík - Gamla höfnin: Austurhöfn; Ægisgarður, Suðurbugt, Grófarbakki, Miðbakki, Austurbakki, Faxagarður, Austurbugt, Ingólfsgarður.

SUNDAHÖFN KLETTASVÆÐI



Mynd 4: Reykjavík – Sundahöfn: Klettasvæði; Skarfabakki.

SUNDAHÖFN VATNAGARÐAR



Mynd 5: Reykjavík – Sundahöfn: Vatnagarðar; Korngarður, Sundabakki, Kleppsakki.

SUNDAHÖFN KLEPPSVÍK




Mynd 6: Reykjavík – Sundahöfn: Kleppsvík; Vogabakki, Vogabakki suður.

GRUNDARTANGAHÖFN



Mynd 7: Grundartangi: Tangabakki og Austurkantur.

AKRANESHÖFN



Mynd 8: Akranes: Aðalhafnargarður, Batabryggja, Faxabryggja, Ferjubryggja.



Mynd 9: Akranes: Viðgerðarbyggja Lambhúsasundi.

BORGARNESHÖFN



Mynd 10: Borgarnes.